



Sveitarfélagið
ÁRBORG

Fjölskyldusvið

Minnisblað

Dagsetning 19. ágúst 2021

Höfundar: Guðný Ingibjörg Rúnarsdóttir, Sigríður Birna Birgisdóttir, Anna Gína Aagestad og Þorsteinn Hjartarson

Viðtakandi: Fræðslunefnd Árborgar

Málsnúmer: 2108207

Efni: Opnun nýrra deilda í Goðheimum og biðlisti eftir leikskólalássi.

Staða biðlista fimmtudaginn 19. ágúst 2021

Fæðingarár	Fjöldi barna	Athugasemd
2017	3	Vilja flutning í annan leikskóla, þar af flest í Goðheima
2018	1	Vilja flutning í Goðheima
2019	2	Vilja flutning í Goðheima
2020	78	37 börn verða 18 mánaða og eldri í febrúar 2022 og 12 börn til viðbótar í mars 2022. Örfá börn fædd 2020 eru með flutningsumsókn í annan leikskóla.
Óvirk bið. Börn sem ekk i eru með lögheimili í Sveitarfélaginu Árborg.	20	Ekki er vitað hvort öll þessi börn komi til með að flytja í Árborg og þau eru fædd 2016-2021.

Af þessum tölum má sjá að tölurverður fjöldi barna verður búin að ná leikskólaaldri í febrúar til mars 2022. Flest börn á biðlistanum, sem eiga flutningsumsókn, vilja flutning í Goðheima og ræðst það í mörgum tilfellum af búsetu.

Tillaga að opnun nýrra leikskóladeilda á vorönn 2022

Þegar hefur verið samþykkt að fjórða deildin á Goðheimum verði tekin í notkun 1. janúar 2022, sbr. samþykkt fræðslunefndar á 32. fundi sem var haldinn 21. apríl 2021.

Vegna vinnu leikskólastjóra Goðheima við launaáætlun/fjárhagsáætlun 2022 er nauðsynlegt að geta áætlað hvenær opna á síðustu tvær deildir skólans á næsta ári.

Lagt er til að síðustu tvær deildirnar verði opnaðar í febrúar og mars. Ráðnir verði tveir deildarstjórar frá og með 1. febrúar 2022 v/undirbúnings og opunar nýrra deilda. Fleira starfsfólk verði svo ráðið inn í áföngum.